

Ávarp ráðherra á ársfundi Orkustofnunar 2021

Kæru gestir,

Það er sérstaklega ánægjulegt fyrir mig að þessu sinni að ávarpa ársfund Orkustofnunar, á þessum bjarta vordegi.

Það er ekki ofsögum sagt að það eru margvísleg tímamót framundan á sviði orkumála.

Ég vil hér að sjálfsögðu byrja á því að þakka Guðna Jóhannessyni fyrir störf sín sem orkumálastjóri, en hann hefur gegnt því starfi í rúm 13 ár, frá árinu 2008, og lætur af störfum eftir nokkrar vikur þegar arftaki hans tekur við.

Það hefur verið dýrmætt fyrir Ísland að hafa Guðna á vaktinni í þessum mikilvæga málaflokki öll þessi ár. Stundum hefur hann verið í eldlínunni, ýmist opinberlega eða á bak við tjöldin, enda einkennist málaflokkurinn af gríðarlega miklum hagsmunum og stundum átökum ólíkra sjónarmiða og hagsmuna. En alltaf hefur Guðni sinnt þessu viðkvæma embætti með óbrigðulum sóma og af miklum heilindum.

Ég ætla koma betur að Guðna hér í lok ræðu minnar, en í millitíðinni fara stuttlega yfir það sem er efst á baugi í orkumálum og þau spennandi verkefni og áskoranir sem bíða nýs orkumálastjóra, Orkustofnunar og okkar allra sem gefum okkur að orkumálum.

Í fyrsta sinn höfum við Íslendingar sett okkur langtíma orkustefnu og skýra aðgerðaráætlun til að fylgja henni. Þau skjöl voru lögð fyrir Alþingi í byrjun þessa árs.

Orkustefnan varðar veginn í átt að sjálfbærri orkufram tíð þar sem við meðal annars setjum okkur það markmið að ná kolefnishlutleysi fyrir 2040 og að verða óháð jarðefnaeldsneyti ekki síðar en 2050. Að mínu mati helst mun fyrr, og fyrst allra þjóða.

Orkustofnun leikur hér lykilhlutverk við að innleiða orkustefnuna og grípa þá bolta sem henni fylgja. Leiða okkur inn í nýja tíma. Jafnt á sviði orkuöryggis, orkuskipta, orkunýtingar, nýrra orkukosta, jöfnunar orkukostnaðar og uppbyggingu innviða á landsvísu. Með sjálfbæra þróun að leiðarljósi þar sem jafnvægi ríkir á milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta. Allt þetta er nánar útlistað í þeim 38 skilgreindu aðgerðum og verkefnum sem koma fram í aðgerðaráætlun orkustefnu.

Við erum því hér, sem áður segir, á ákveðnum tímamótum og erum með vegvísi og framtíðarsýn í höndunum. Teikningarnar liggja fyrir og nú er að gera þær að veruleika.

En við erum ekki að byrja frá grunni við að byggja þetta hús og þessa framtíðarsýn. Í nýlegri úttekt frá MIT um stöðu landa út frá samspili orku og loftlagsmála við að móta græna framtíð, eða *MIT Green Future Index*, er Ísland í efsta sæti. Þetta er metið út frá fimm þáttum: Orkuskiptum, kolefnislosun, grænni nýsköpun, grænu samfélagi, og stefnumótun á sviði orku og loftlagsmála. Í öðru og þriðja sæti eru Danmörk og Noregur.

Þetta er sannarlega góð viðurkenning og staðfesting á að við erum að gera eitthvað rétt, og umfram allt að við erum vel í stakk búin til að gera enn betur og verða fyrsta þjóð heims til að vera óháð jarðefnaeldsneyti.

Þau markmið munu hins vegar ekki nást af sjálfu sér. Ekki frekar en hitaveituvæðing síðustu aldar gerðist af sjálfu sér.

Græn orkuframtíð kallar á aukna framleiðslu á grænni orku, og úrbætur á flutnings- og dreifikerfi raforku, þannig að orkuskipti og orkuöryggi nái til allra landsmanna og allra geira atvinnulífsins.

Hér eru enn stórir þröskuldar í veginum sem við ítrekað rekum okkur á. Má þar helst að nefna stöðu Rammaáætlunar, flækjur í regluverki varðandi ýmsar leyfisveitingar á sviði orkumála, og óskýrleika í regluverki varðandi uppbyggingu vindorku.

Vissulega hefur að undanfögnu verið reynt af góðum hug að vinna að tillögum til úrbóta á þessum sviðum, en því miður hefur þeirri vinnu miðað hægt. Sama á við um mikilvægar framkvæmdir í grunn-innviðum okkar, eins og Suðurnesjalína 2 líklega besta dæmið um.

Allt eru þetta vörður í átt að grænni sjálfbærri orkuframtíð, í samræmi við skýrar áherslur úr orkustefnu. Það er því að mínu mati sameiginlegt verkefni okkar að finna taktinn áfram og yfirstíga þessa þröskulda.

Að öðrum kosti er óvíst að í næstu úttekt MIT verði Ísland áfram leiðandi á meðal þjóða, á sviði grænnar orkuframtíðar.

Á jákvæðum nótum ber að halda því til haga að margt hefur áunnist á sviði orkumála, ef við horfum eins og 3 ár aftur í tímann.

Þar má nefna að árið 2018 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Hún er þýðingarmikið skjal, sem hefur ákveðna stöðu samkvæmt lögum og undirstrikar þjóðhagslegt mikilvægi þeirra grunn-innviða sem felast í flutningskerfinu.

Árið 2019 var ráðist í sérstakt átak í flýtingu á þrífösun og jarðstrengjavæðingu í dreifikerfi raforku, og var bætt í það með tillögum átakshóps stjórnvalda á síðasta ári. Samtals verður um 600 milljónum króna ráðstafað úr ríkissjóði í það verkefni á næstu fjórum árum, sem gerir að verkum að árið 2025 verður þrífösun og jarðstrengjavæðingu í dreifikerfi raforku að mestu lokið, þrisvar sinnum hraðar en áður var ráðgert. Hér er um verulega mikilvægt byggðamál að ræða, enda eru byggðamál og orkumál nátengd.

Fyrr í vetur voru samþykkt á Alþingi, bæði í fjárlögum 2021 og í frumvarpi um breytingu á lögum um jöfnun dreifikostnaðar raforku, aukin ný framlög til jöfnunar dreifikostnaðar, alls um einn milljarður króna á ári. Fyrir vikið verðu frá og með september á þessu ári um svo til fulla jöfnun að ræða á dreifikostnaði raforku í dreifbýli og þéttbýli. Það er í samræmi við áherslur um jöfnun orkukostnaðar óháð búsetu, bæði í stjórnarsáttmálanum og í orkustefnunni.

Á síðasta ári voru einnig samþykkt sérlög um Orkusjóð og í kjölfarið hefur Orkusjóður verið verulega eflur með auknum framlögum, í tengslum við aðgerðaráætlun Íslands í loftlagsmálum. Þeim framlögum hefur verið sérstaklega úthlutað með styrkjum Orkusjóðs til ýmissa verkefna á sviði orkuskipta.

Án efa á þetta stóran þátt í þeim árangri sem við erum að sjá á sviði orkuskipta og þeim aukna hraða sem er á þeim. Ekki bara á sviði rafbílavæðingar heldur einnig á öðrum sviðum. Orkuskiptin eru unnin í áföngum og á næstu dögum mun Orkusjóður auglýsa styrki fyrir verkefni í næsta áfanga. Ég hef fengið kynningu á þeim og tel þau vera mjög spennandi.

Í byrjun febrúar á þessu ári var lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda aðgerðaáætlun um umbætur á regluverki raforkumála. Hluti af henni er frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum sem nú er til meðferðar hjá Alþingi og ég bind vonir við að verði afgreitt á vorþingi. Þessi umbótaáætlun kemur í kjölfar nýlegra skýrslna frá Fraunhofer og Deloitte og er markmið hennar í stuttu máli að auka gagnsæi regluverksins, meðal annars að því er varðar flutning og dreifingu raforku, stuðla að betri skilningi á forsendum ákvarðanatöku, auka skilvirkni, einföldun og hagkvæmni sem skili sér almennt í lægri gjaldskrá til notenda án þess að gæðum sé fórnað. Einnig er þar kveðið á um breytingar á eignarhaldi Landsnets og fleiri atriði sem kallað hefur verið eftir.

Kæru fundargestir.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi um nýlegar jákvæðar aðgerðir á sviði orkumála, sem að mínu mati eru til bóta og eru í almennu samræmi við áherslur orkustefnu.

Einnig tel ég mjög jákvætt að við erum í vaxandi mæli að sjá samspil og samþættingu ólíkra stefna stjórnvalda. Það á sérstaklega við um orkustefnu, nýsköpunarstefnu og loftlagsstefnu stjórnvalda. Saman eru þetta lykilstefnur og í þeim má finna ákveðinn samhljóm og kjarna um skýr meginmarkmið.

Við erum heilt yfir á ágætum stað, framtíðin er spennandi, ný verkefni og nýjar áskoranir bíða okkar, og ég er bjartsýn um að við munum í sameiningu ná að halda Íslandi áfram í fyrsta sæti á hverjum þeim listum sem MIT og aðrir kunna að gera um græna framtíð. Þar liggja gríðarleg tækifæri fyrir Ísland til meiri hagsældar, verðmætasköpunar, atvinnutækifæra, gjaldeyristekna og aukinnar sjálfbærni.

Ég vil þakka starfsfólki Orkustofnunar fyrir vel unnin störf og fyrir farsælt samstarf við ráðuneytið í gegnum tíðina.

Orkustofnun er og verður kjölfestan í stjórnsýslu á sviði orkumála, bæði hvað varðar leyfisveitingar, eftirlit og ráðgjöf til stjórnvalda um stefnumótun. Ábyrgðin og kröfurnar eru ríkar og stjórnsýslan er ávallt undir smásjánni, sem er auðvitað rétt og eðlilegt.

Ráðuneytið er hér eftir sem áður reiðubúið að vinna með Orkustofnun til að tryggja að stofnunin sé í stakk búin til að takast á við þau mikilvægu verkefni sem henni er falið.

Eins og þið vitið hefur nýr orkumálastjóri verið ráðinn, Halla Hrund Logadóttir. Halla verður fyrsta konan sem gegnir embætti orkumálastjóra og það er því vel við hæfi að hún taki formlega við embætti á kvenréttindadaginn, 19. júní. Ég ætla ekki að rekja feril Höllu Hrundar í löngu máli hér, en hún er með meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu frá Harvard háskóla með áherslu á umhverfis- og orkumál, og var meðal annars stofnandi og framkvæmdastjóri við miðstöð norðurslóða, eða Arctic Initiative, við Harvard. Ég hlakka til að bjóða Höllu formlega velkomna til starfa í sumar.

Það eru auðvitað ekki lítið skarð sem henni er falið að fylla þegar Guðni Jóhannesson lætur af embætti. Eins og ég nefndi áðan hefur Guðni sinnt sínum störfum af stakri fagmennsku, sóma og heilindum, í þágu lands og þjóðar.

Guðni hefur líka verið virkur í opinberri umræðu um orkumál, sem oft á tíðum getur verið hatrömm og ekki alltaf byggð á staðreyndum. Þegar horft er til baka yfir þau þrettán ár sem hann hefur gegnt embættinu sjáum við að margt hefur áunnist, bæði hvað varðar jákvæða framþróun í orkumálum sem og í starfsemi og rekstri Orkustofnunar.

Eitt af því sem við eigum öll eftir að sakna er árlegt jólaerindi orkumálastjóra, sem iðulega strauk sumum öfugt en öðrum rétt, og rataði gjarnan rակleitt í fjölmiðla með tilheyrandi athugasemdum í kommentakerfunum. Þessi árvissi viðburður var næstum orðinn jafn stór hluti af jólahátíðinni og að heyra Gerði G. Bjarklind, þulu Ríkisútvarpsins, óska landsmönnum gleðilegra jóla klukkan sex. Það voru eiginlega ekki jól fyrr en bæði Gerður og Guðni höfðu talað.

Við höfum ákveðið í tilefni af starfslokum Guðna að safna þessum jólaerindum hans saman og láta prenta þau í fallega innbundna bók til að gefa Guðna – og kannski fleirum með hans leyfi – þegar hann lætur formlega af embætti. Það væri auðvitað of langt gengið að láta hana heita jólaguðspjallið, en kannski hún gæti heitið jóla-Guðna-spjallið.

Það vita það kannski ekki allir en sonur Guðna er stórleikarinn Sverrir Guðnason, þekktasti Íslendingurinn í Svíþjóð, sem er meðal annars þekktur fyrir að hafa leikið einn frægasta tennisleikara allra tíma, Björn Borg. Í myndinni er sjónum aðallega beint að viðureignum hans við höfuðkeppinaut sinn, bandarísku goðsögnina John McEnroe, sem var frægur skaphundur, jós óbótaskömmum yfir dómarann og braut jafnvel spaðann sinn í miðjum leik þegar honum þótti á sér brotið.

Sagan segir, að þegar Sverrir var að æfa sig fyrir hlutverkið hafi hann notað Guðna föður sinn sem æfingafélaga. Nú er spurning hvað hafi ráðið mestu um það: tennishæfileikar Guðna, eða önnur líkindi hans með John McEnroe. Kannski hvort tveggja. En Sverrir skilaði hlutverki sínu að minnsta kosti mjög vel, og það er ekki síst Guðna að þakka.

Takk kæri Guðni, fyrir þína þjónustu sem orkumálastjóri í rúmlega þrettán ár, fyrir farsælt og gott samstarf okkar tveggja í rúm fjögur ár, og fyrir sérlega ánægjuleg kynni.

Ég óska þér, og fjölskyldu þinni, alls hins besta í framtíðinni og treysti því að þú hafir ekki sagt þitt síðasta orð þegar kemur að orkumálum Íslands.

Takk fyrir

(færa Guðna plöntu að gjöf)